

# Gjaldskrár fasteignagjalda í Snæfellsbæ 2025

Álagning fasteignagjalda byggir á fasteignamati húsa og lóða í Snæfellsbæ, sem tekur meðal annars mið af stærð þeirra, notkun og lóðarhlutastærð. **Álagningarstofninn er fenginn frá Þjóðskrá Íslands 31. desember ár hvert auk þess sem fasteignaskattur leggst á nýjar lóðir og ný mannvirki í hlutfalli við ársálagningu frá næstu mánaðarmótum eftir að þau eru skráð og metin í Fasteignaskrá.** Fasteignaskattur fellur niður næstu mánaðarmót eftir að mannvirki er afskráð í Þjóðskrá Íslands. Byggingarfulltrúi sendir Þjóðskrá Íslands upplýsingar og gögn um nýbyggingar, viðbyggingar, eldri byggingar sem er breytt, hús sem eru rifin og aðrar viðeigandi upplýsingar. Eigendaskráning húsa og lóða er í höndum Sýslumannsins á Vesturlandi og er hún í samræmi við þinglýst skjöl/gögn. Allar þessar upplýsingar eru notaðar við álagningu fasteignagjalda, leiðréttingar, reikningagerð og innheimtu sem fer fram hjá Snæfellsbæ

## Fasteignagjöld íbúðarhúsnæðis: A-skattflokkur

Fasteignaskattur – A-flokkur	0,44%	af fasteignamati
Lóðarleiga – A-flokkur	1,80%	af lóðarmati
Vatnsgjald – A-flokkur	0,21%	af fasteignamati
Fráveitugjald – A-flokkur	0,11%	af fasteignamati

**Sorpgjöld, rukkuð með fasteignagjöldum, eru í sér gjaldskrá**

## Fasteignagjöld á annað húsnæði: B- og C-skattflokkur

Fasteignaskattur – B-flokkur	1,32%	af fasteignamati
Fasteignaskattur – C-flokkur	1,55%	af fasteignamati
Lóðarleiga – B- og C-flokkur	2,50%	af lóðarmati
Vatnsgjald – B- og C-flokkur	0,45%	af fasteignamati
Fráveitugjald – B- og C-flokkur	0,20%	af fasteignamati

Í **A-flokki** eru íbúðir, íbúðarhús, sumarhús, útihús og mannvirki á bújörðum tengd landbúnaði.

Í **B-flokki** eru opinberar byggingar. Í **C-flokki** eru allar aðrar byggingar.

**Aukavatnsskattur fer úr 31 krónum í 33 per rúmmeter. Það er hækkun um 6,5% milli ára.**

Veittur er afsláttur af **fasteignaskatti** til þeirra elli- og örorkulífeyrisþega sem búa í eigin íbúð. Miðast afslátturinn við eftirfarandi tekjumörk liðins árs og er hámarksafsláttur kr. 150.000.-

**ATH: afsláttur og tekjumörk hækka miðað við hækkun á launavísitölu.**

### 100% lækkun

Einstaklingar með heildarárstekjur allt að 5.900.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur allt að 9.200.000 krónur

### 75% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 5.900.001 - 6.600.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.200.001 - 9.900.000 krónur

### 50% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 6.600.001 – 7.200.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 9.900.001 - 10.500.000 krónur

### 25% lækkun:

Einstaklingar með heildarárstekjur á bilinu 7.200.001 - 7.800.000 krónur

Hjón með heildarárstekjur á bilinu 10.500.001 - 11.100.000 krónur

**Við álagningu fasteignagjalda er afslátturinn reiknaður út frá álagningu 2024 vegna skatttekna ársins 2023**, þ.e. samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals(reitur 3.10.)

Gjalddagar fasteignagjalda eru 10: 1. febrúar og síðan 1. hvers mánaðar (mars – nóvember)

Eindagi er 30 dögum eftir gjalddaga. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga ef ekki er greitt fyrir eindaga.

Veittur er 3% staðgreiðsluafsláttur ef gjöldin eru greidd í heild sinni fyrir 15. mars 2025.

Hægt er að ganga frá staðgreiðslu með því að draga 3% frá heildarálagningu gjaldanna og leggja inn á banka: 0190-26-4240, kt.: 510694-2449.